

...Sagnaseiður á Snæfellsnesi..

...langar þig að vita meira um leyndardóma Snæfellsness?...

...langar þig til að hitta fólk sem býr á Snæfellsnesi?...

...sagnaþulir, sögufylgjur og svæðislóðsar taka glaðir á móti gestum á Snæfellsnesi...

- ❖ Sagnaþuli er hægt að heimsækja eða panta stefnumót á ákveðnum stað til að spjalla, heyra fróðleik og fá sögur af Snæfellsnesi.
- ❖ Sögufylgjur geta boðið upp á sögufylgd með spjalli, fróðleik og sögum í gönguferð eða farartæki í styttri ferð með einstaklingum og minni hópum um Snæfellsnes.
- ❖ Svæðislóðsar eru tilbúnir til að hoppa upp í rútur, fara í ferðir um allt Snæfellsnes eða hitta stærri hópa til að segja sögur og miðla fróðleik um svæðið.

Sagnaþulir, sögufylgjur og svæðislóðsar eru fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn, áhugamál og þekkingu. Því er hægt að bjóða upp á margvísleg efnistöð og áherslur í spjalli, sögum, fróðleik og sögufylgd um Snæfellsnes.

Hægt er að hafa samband og mæla sér mót við sagnaþuli, sögufylgjur og svæðislóðsa á Snæfellsnesi.

...Sagnaseiður á Snæfellsnesi..

...langar þig að vita meira um leyndardóma Snæfellsness?...



...langar þig til að hitta fólk sem býr á Snæfellsnesi?...

...við erum heimafólk á Snæfellsnesi...sem þykir vænt um svæðið okkar og það samfélag sem við búum í...

...þegar við sinnum gestamóttöku köllum við okkur...sagnaþuli, sögufylgjur og svæðislóðsa...

...við erum til í að hitta gesti, segja sögur, miðla fróðleik eða bara spjalla um lífið og tilveruna á Snæfellsnesi...